

## *Fjármála- og efnahagsráðuneytið*

---

### *M i n n i s b l a ð*

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis**  
Sendandi: **Fjármála- og efnahagsráðuneyti**  
Dagsetning: **20.06.2017**  
Málsnúmer: **FJR17050056**  
Bréfalykill: **0.4.3**

Efni: Svar við fyrirspurn frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis 19. maí 2017 -  
Óskað eftir upplýsingum frá ráðuneytinu í tengslum við sölu á hlut í Arion  
banka hf.

Í fyrirspurn efnahags- og viðskiptanefndar um sölu á Arion banka frá 19. maí sl. var m.a. óskað eftir upplýsingum frá fjármála- og efnahagsráðuneyti um nýtingu forkaupsréttar ríkisins í tengslum við söluna. Ráðherra svaraði þessum spurningum munnlega á fundi nefndarinnar 31. maí síðastliðinn, en þangað mætti hann ásamt skrifstofustjóra á skrifstofu stjórnunar og umbóta. Meðfylgjandi eru skrifleg svör við fyrirspurn nefndarinnar en svörunum fylgja: Minnisblað sem unnið var innanhúss um málið, tvö bréf Kaupþings til ráðuneytisins og Seðlabanka Íslands, hið fyrra frá 24. nóvember 2016 og það seinna frá 14. febrúar 2017, auk bréfs ráðuneytisins til Kaupþings frá 27. febrúar 2017. Þar sem bréfin innhalda upplýsingar sem óheimilt er að veita aðgang að, sbr. 9. gr. upplýsingalaga, nr. 140/2012, hafa atriði sem varða viðskipta- og samningshagsmuni og lúta að framkvæmd viðskipta milli viðkomandi fyrirtækja, verið afmáð.

#### ***1. Hvaða gögn liggja því að baki því að forkaupsréttur ríkissjóðs var ekki nýtur við söluna á Arion banka?***

Ákvæði um forkaupsrétt er að finna í undanþágu Seðlabankans til Kaupþings ehf. frá lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, að uppfylltum stöðugleikaskilyrðum, frá því í janúar 2016 og í samningi milli Seðlabanka Íslands, Kaupþings ehf. og Kaupskila ehf. frá sama tíma. Kaupskil ehf. er eignarhaldsfélag Kaupþings ehf. um eignarlutinn í Arion banka hf. Samkvæmt ákvæðum samningsins hefur Seðlabankinn, fyrir hönd ríkissjóðs, forkaupsrétt að hlutafé í Arion banka ef Kaupþingi er gert tilboð í hlutafé í bankanum sem er 80% (0,8x) eða minna af bókfærðu eigin fé bankans, eins og það var skráð í nýjasta endurskoðaða uppgjöri bankans þegar tilboðið var gert.

Kauptilboð Attestor Capital LLC, Taconic Capital Advisors UK LLP, Sculptor Investments s.a.r.l. og Goldman Sachs International á hlut í Arion banka var samþykkt á stjórnarfundum Kaupþings ehf. og Kaupskila ehf. 12. febrúar 2017. Tilboðið hljóðaði upp á 83,811 kr. á hlut. Þegar tilboðið var samþykkt af stjórnum fyrirtækjanna tveggja var nýjasta endurskoðaða uppgjör bankans ársreikningur fyrir árið 2015. Útistandandi hlutafé var að nafnvirði 2 ma.kr. og bókfært virði eigin fjár um 192,8 ma.kr. samkvæmt honum. Virði hvers hlutar miðað við bókfært eigið fé var þá um 96,4 kr. Kauprétturinn samkvæmt samkomulaginu hefði því virkjast ef tilboðið hefði verið 77,1 kr. á hlut eða lægra.

Óendurskoðað uppgjör Arion banka miðað við 30. september 2016 var haft til hliðsjónar af hálfu Kaupþings, Kaupskila og tilboðsgjafa þegar kauptilboðið var samþykkt. Í því uppgjöri var bókfært virði eigin fjár 206,9 ma.kr., eða 103,5 kr. á hlut. Í bréfi Kaupþings til Seðlabanka Íslands og fjármála- og efnahagsráðuneytisins dagsett 14. febrúar sl. kom fram að kaupverðið væri 81% af virði hvers hlutar miðað við bókfært eigið fé, eða 83,811 kr. á hlut. Verð á hlut í kauptilboðinu var 87% af bókfærðu virði eigin fjár í því uppgjöri sem miða átti við samkvæmt ákvæðum samnings milli Seðlabanka Íslands, Kaupþings og Kaupskila um virkjun kaupréttarins, þ.e. ársreikningi ársins 2015.

Af ofangreindu má sjá að kauptilboðið uppfyllti ekki þau skilyrði sem kveðið var á um í samningnum um virkjun forkaupsréttarins og því var ekki þörf á sérstökum gögnum til að byggja ákvörðun um forkaupsréttinn á.

**2. Hvenær ákvað fjármála- og efnahagsráðherra að nýta ekki forkaupsréttinn að Arion banka?**

Sjá svar við spurningu 1.

**3. Hvaða árshlutauppgjör var nýtt til að meta það að nýta ekki forkaupsréttinn?**

Sjá svar við spurningu 1.

**4. Getur efnahags- og viðskiptanefnd fengið minnisblaðið sem stuðst var við þegar ákveðið var nýta forkaupsréttinn ekki?**

Sjá svar við spurningu 1.

**5. Hver er tímalínan í þessu ferli, þ.e. tilboð um kaupin virðist hafa verið samþykkt 12. febrúar en það var fyrst upplýst um það 19. mars. Kann ráðuneytið skýringa á þessum drætti um að upplýsa um söluna?**

Á stjórnarfundum Kaupþings ehf. og Kaupskila ehf. 12. febrúar 2017 var samþykkt kauptilboð þriggja fjárfestingarsjóða og eins fjárfestingarbanka í hlut Kaupþings ehf. í Arion banka hf.

Aðkoma fjármála- og efnahagsráðuneytisins að sölunni fólst fyrst og fremst í mati á hvort kaupin ógnuðu fjármálalegum stöðugleika eða stöðugleika í gengis- og peningamálum. Ráðuneytinu barst beiðni þess efnis frá Kaupþingi ehf. 14. febrúar sl. Samkvæmt undanþágu Seðlabankans til Kaupþings ehf. frá lögum um gjaldeyrismál, er sala og endursala á 87% hlut Kaupskila ehf. í Arion banka hf., í heild eða hluta, einungis heimil til erlends aðila að undangenginni staðfestingu Seðlabanka Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra á að slik sala eða endursala valdi ekki neikvæðum áhrifum á stöðugleika í gengis- og peningamálum og fjármálalegan stöðugleika. Við mat á því hvort kaupandi telst erlendir aðili er litið til þess hver er raunverulegur eigandi eftir kaupin. Í svarbréfi ráðuneytisins til Kaupþings ehf. 27. febrúar 2017 kemur fram, á grundvelli upplýsinga og yfirlýsinga sem kaupendur létu Seðlabanka Íslands í té, að staðfest hafi verið að þeir væru erlendir aðilar. Þá er í bréfinu til Kaupþings ehf. jafnframt að finna staðfestingu á því að salan sé ekki talin hafa neikvæð áhrif

á stöðugleika í gengis- og peningamálum eða fjármálalegan stöðugleika. Þessi staðfesting var veitt tæpum tveimur vikum eftir að beiðni um hana barst ráðuneytinu.

Aðkoma ráðuneytisins að viðskiptunum á Arion banka fylgdi eftirfarandi tímalínu:

12. febrúar 2017	Kaupþing ehf. og Kaupskil ehf. samþykkja sölu á stjórnarfundum
14. febrúar 2017	Ráðuneytinu berst erindi Kaupþing ehf. um staðfestingu á að fyrirhuguð valdi ekki neikvæðum áhrifum á fjármálastöðugleika eða stöðugleika í gengis- og peningamálum.
15.- 24. febrúar 2017	Sérfræðingar ráðuneytisins lögðu mat á erindið, öfluðu upplýsinga frá Seðlabanka og áttu fund með áheyrnarfulltrúa Seðlabanka Íslands og ríkisins í stjórn Kaupþings ehf. (e. CBI Observer).
24. febrúar 2017	Drög að svari ráðuneytisins til Kaupþings ehf. kynnt ráðherra og ráðuneytisstjóra.
27. febrúar 2017	Ráðuneytið svarar erindi Kaupþings ehf.
20. mars 2017	Ráðherra fundar með áheyrnarfulltrúa Seðlabanka Íslands og ríkisins í stjórn Kaupþings ehf. (e. CBI Observer). Áheyrnarfulltrúinn staðfesti að ekki hefði skapast forkaupsréttur að hlutabréfum í Arion banka hf.
21. mars 2017	Málið tekið til umfjöllunar á fundi skrifstofustjóra með ráðuneytisstjóra, m.a. með tilliti til skilmála stöðugleikaframlaga, eignarhlutar ríkisins í Arion banka og fjármálastöðugleika.
22. mars 2017	Málið tekið til umfjöllunar á fundi skrifstofustjóra og ráðuneytisstjóra með ráðherra.
22. mars 2017	Ráðuneytið birtir frétt á vef sínum: Reglur um eignarhald í fjármálfyrirtækjum og kaup fjögurra aðila á hlutum í Arion banka hf.
26. mars 2017	Minnisblað um sölu Kaupþings á hlutum í Arion banka tilbúið í drögum (hjálagt).

Ráðuneytið telur réttast að leita skyringa á því hvers vegna seljendur og kaupendur að hlutum í Arion banka hf. upplýstu ekki fyrr um viðskiptin hjá þeim sjálfum, enda var aðkoma ráðuneytisins að sölunni takmörkuð við þá þætti sem að ofan er lýst. Bæði Kaupþing og Arion banki eru með skráð skuldabréf á markaði. Félögin eru bundin trúnaðarákvæðum samkvæmt því og geta ekki upplýst um mikilvæg rekstraratriði eða ákvarðanir fyrr en öllum fyrirvorum og skilyrðum hefur verið fullnægt.

#### **6. Var kauptilboð vogunarsjóðanna með fyrirvörum? Hverjir voru þeir?**

Sjá svar við spurningu 5. um staðfestingu á að viðskiptin ógni ekki fjármálalegum stöðugleika og stöðugleika í gengis- og peningamálum.

Þá kemur fram í bréfi Kaupþings til Seðlabankans og fjármála- og efnahagsráðuneytis frá 14. febrúar 2017 að einn aðili setti það skilyrði fyrir þátttöku sinni í kaupum á Arion banka hf. að

honum yrði veitt undanþága frá takmörkunum laga um gjaldeyrismál til þess að kaupa gjaldeyrisvarnir vegna fjárfestingarinnar í bankanum. Aðrir aðilar tilboðsins fóru fram á það að ef þessum aðila yrði veitt slík undanþága, yrði þeim öllum veitt sama undanþága, en gerðu hana ekki að skilyrði fyrir þátttöku sinni. Seðlabanki Íslands veitti almenna undanþágu frá lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, vegna afleiðuviðskipta til varanlegra áhættuvarna með tilkynningu 24. febrúar sl.